


# Jólasöngvar



## Jólin alls staðar



Jólin, jólin alls staðar

með jólagleði og gjafirnar.

Börnin stóreyg standa hjá

og stara jólaljósin á.

Jólaklukka boðskap ber

um bjarta framtíð handa þér

og brátt á himni hækkar sól,

við höldum heilög jól.

## Yfir fannhvíta jörð

Yfir fannhvíta jörð leggur frið  
þegar fellur mjúk logndrifa á grund.  
Eins og heimurinn hinkri aðeins við,  
haldi niðri sér anda um stund.




Eftirvæntingu í augum má sjá,  
allt er eitthvað svo spennandi í dag.  
Jafnvel kisa hún tiplar á tá,  
þorir tæplega að mala sitt lag.

Svo berst ómur og samhljómur  
til eyrna af indælum söng.  
Tvíræð bros mætast og börnin kætast,  
en biðin er börnunum löng.

Loksins kveikt er á kertum í bæ,  
þá er kátt um öll mannana ból.  
Og frá afskekktum bæ út við sæ,  
ómar kveðjan um gleðileg jól.



## Snjókorn falla



Snjókorn falla á allt og alla  
börnin leika og skemmta sér  
nú er árstíð kærleika og friðar  
komið er að jólastund.

Vinir hittast og halda veislur  
borða saman jólamat  
gefa gjafir - fagna sigri ljóssins  
syngja saman jólalag.

Á jólaball við höldum í kvöld  
ég ætl' a' kyssa þig undir mistilteini í kvöld  
við kertaljóssins log.

Plötur hljóma - söngvar óma  
gömlu lögin syngjum hátt  
bar' ef jólin væru aðeins lengri  
en hve gaman væri þá.



## Gleðileg jól (allir saman)

Ætlar þú að setja skó í gluggann þinn?  
Trúir þú að jólasveinninn líti inn?  
Notast hann við fjölmörg hreindýr,  
sem að draga sleðann um,  
flýgur jólasveinn á sleða um loftin blá?



Gleðileg jól, allir saman, það er komin jólastund.  
Fögnum öll saman nú og eigum jólafu nd.

Ertu' að bíða þess að gestir komi við  
eða vilt þú bara rólegheit og frið?  
Á að taka á móti fólki,  
verður dansað þessi jól,  
á að bjóða upp á eldhresst rokk og ról?

Gleðileg jól, allir saman, það er komin jólastund.  
Fögnum öll saman nú og eigum jólafund.

Viltu renna þér á sleða í sandöllum?  
Á að skreyta jólatréð með snjókornum?  
Eða ætlar þú að baka,  
þunnt og gómsætt laufabrauð,  
kanski telur þú að jólin verði rauð.

Gleðileg jól, allir saman, það er komin jólastund.  
Fögnum öll saman nú og eigum jólafund.

## **Jólin eru að koma**

*:Í kvöld jólin er'að koma:*

Aðfangadagur - ég bíð eftir jólunum spenntur  
mamma segir að jólasveininn sé lentur  
og hann kemur í kvöld  
með gjafir handa mér  
á nálum nú ég er  
því jólin eru að koma í kvöld



*:Í kvöld jólin er'að koma:*

aðfangadagur - mig dreymir um gjafir í baði  
mamma segir ég þurfi að þvo mér með hraði  
því röðin er löng  
og næst á eftir mér  
er pabbi að flýta sér  
því jólin eru að koma í kvöld

*:Í kvöld jólin er'að koma:*

Og þó ég þekki jólaboðskapinn  
um frið og kærleik hér á jörð  
þá er sannleikurinn sá  
ég gjafir verð að fá  
því jólin eru að koma í kvöld

*:Í kvöld jólin er'að koma: x4*

## Hátíð í bæ

Ljósadýrð loftin gyllir,  
lítið hús yndi fyllir,  
og hugurinn heimleiðis leitar því æ,  
man ég þá er hátíð var í bæ.



Ungan dreng ljósin laða,  
Litla snót geislum baða.  
Ég man það svo lengi sem lifað ég fæ  
lífið þá er hátíð var í bæ.

Hann fékk bók en hún fékk nál og tvinna,  
hönd í hönd þau leiddust kát og rjóð.  
Sælli börn nú sjaldgjæft er að finna,  
ég syng um þau mín allra bestu ljóð.

Söngur blítt svefninn hvetur,  
systkin tvö geta' ei betur,  
en sofna hjá mömmu, ég man þetta æ,  
man það þá er hátíð var í bæ.



## Er líða fer að jólum

Drungi í desember  
dagskíman föl  
svo skelfing lítil er  
en myrkrið er svo magnað  
og myrkrið er svo kalt




Þá kvikna kertaljós  
og kvikir fætur  
tifa á hal og drós  
senn frelsara er fagnað  
þá færast líf í allt

Þótt úti öskri hríð  
allt verður bjart og hlýtt  
það er alls staðar tónlist ylhýr og fín  
sem ómar undurblítt

Er líða fer að jólum (líða fer að jólum)  
og hátíð fer í hönd (hátíð fer í hönd)  
Er líða fer að jólum (líða fer að jólum)  
og hátíð fer í hönd



## Bráðum koma blessuð jólin



Bráðum koma blessuð jólin  
börnin fara' að hlakka til.  
Allir fá þá eitthvað fallett,  
í það minnsta kerti' og spil.  
Kerti' og spil, kerti' og spil  
í það minnsta kerti' og spil.

Hvað það verður veit nú enginn,  
vandi er um slíkt að spá.  
Eitt er víst að alltaf verður  
ákaflega gaman þá.  
Gaman þá, gaman þá  
ákaflega gaman þá.

